

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2398

2020/EES/54/01

frá 12. desember 2017

um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (*)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b-lið 2. mgr. 153. gr. í tengslum við a-lið 1. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB (3) hefur það að markmiði að vernda starfsmenn gegn hættu sem ógnað getur heilsu þeirra og öryggi vegna váhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustöðum. Í tilskipuninni er kveðið á um samræmda vernd gegn áhættu vegna krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda með ramma almennra meginreglna til að gera aðildarríkjum kleift að tryggja að lágmarkskröfunum sé beitt á samræmdan hátt. Bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, sem sett eru á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, fjárhagslegrar hagkvæmni, ítarlegs mats á félagslegum og hagrænum áhrifum og aðgengis að aðferðalýsingum fyrir váhrifamælingar á vinnustað og tækni við þær, eru mikilvægir þættir í almennu fyrirkomulagi til að vernda starfsmenn, sem komið er á fót með þeirri tilskipun. Þær lágmarkskröfur, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, hafa það að markmiði að vernda starfsmenn á vettvangi Sambandsins. Aðildarríkin geta sett sér strangari, bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.
- 2) Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru hluti af áhættustjórnun samkvæmt tilskipun 2004/37/EB. Það að farið sé að þessum viðmiðunarmörkum hefur ekki áhrif á aðrar skyldur vinnuveitenda samkvæmt þeirri tilskipun, einkum þær að draga úr notkun krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda á vinnustað, að koma í veg fyrir eða draga úr því að starfsmenn verði fyrir váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum og framkvæmd ráðstafana þar að lútandi. Þessar ráðstafanir ættu að fela í sér, eftir því sem er tæknilega mögulegt, að nota í stað krabbameins- eða stökkbreytivalda efni, blöndu eða vinnsluferli sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu starfsmanna, að nota lokað kerfi eða aðrar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að draga úr váhrifum á starfsmenn. Í því samhengi er brýnt að tekið sé tillit til varúðarreglunnar þar sem óvissa ríkir.
- 3) Það á við um flesta krabbameins- og stökkbreytivalda að það er vísindalega ógerlegt að tilgreina viðmiðunarmörk þar sem snerting við þá undir þeim mörkum teldist ekki hafa í för með sér skaðleg áhrif. Þótt það að setja viðmiðunarmörk á vinnustað í tengslum við krabbameins- og stökkbreytivalda í samræmi við þessa tilskipun komi ekki algerlega í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna vegna váhrifa á vinnustöðum (eftirstæðir áhættuþættir), stuðlar það engu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtd. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtd. ESB C 487, 28.12.2016, bls. 113.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 7. desember 2017.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtd. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50).

að síður að því að draga verulega úr áhættu af völdum slíkra váhrifa innan ramma þrepaskiptu markmiðasetningar-nálgunarinnar skv. tilskipun 2004/37/EB. Fyrir aðra krabbameins- og stökkbreytivalda er vísindalega gerlegt að tilgreina viðmiðunarmörk þar sem ekki er talið að snerting við þá undir þeim mörkum hafi skaðleg áhrif.

- 4) Hámarksgildi tiltekinna krabbameins- eða stökkbreytivalda vegna snertingar starfsmanna við þá eru ákvörðuð með mörkum sem samkvæmt tilskipun 2004/37/EB má ekki fara yfir. Endurskoða ætti þessi viðmiðunarmörk og setja viðmiðunarmörk fyrir aðra krabbameins- og stökkbreytivalda.
- 5) Á grundvelli framkvæmdaskýrslna sem aðildarríkin leggja fram á fimm ára fresti skv. 17. gr. a í tilskipun ráðsins 89/391/EBE ⁽¹⁾ skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd lagarammans um heilbrigði og öryggi á vinnustað, þ.m.t. tilskipun 2004/37/EB og, ef nauðsyn krefur, upplýsa viðeigandi stofnanir og ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum um framtaksverkefni sem miða að því að bæta virkni þess ramma, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.
- 6) Viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í þessari tilskipun ætti að endurskoða, ef nauðsyn krefur, í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. nýrra vísinda- og tæknigagna og gagnreyndra bestu starfsvenja, tækni við váhrifastigsmælingar á vinnustað og aðferðalýsinga fyrir þær. Þær upplýsingar ættu, ef unnt er, að innihalda gögn um eftirstæða áhættuþætti gagnvart heilsu starfsmanna og álit vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi (SCOEL) og ráðgjafarnefndarinnar um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum. Upplýsingar um eftirstæða áhættuþætti, sem gerðar eru öllum aðgengilegar á vettvangi Sambandsins, eru dýrmætari vegna vinnu í framtíðinni við að takmarka áhættu af váhrifum af krabbameins- og stökkbreytivaldum í starfi, þ.m.t. með endurskoðun á þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru fram í þessari tilskipun. Hvetja ætti enn frekar til gagnsæis slíkra upplýsinga.
- 7) Sökum þess að samræmd gögn um váhrif af efnum eru ekki fyrir hendi er nauðsynlegt að vernda starfsmenn sem verða fyrir, eða eiga á hættu að verða fyrir, váhrifum með því að framfylgja viðeigandi heilsufarseftirliti. Því ætti að vera mögulegt að hafa áfram undir viðeigandi heilsufarseftirliti starfsmenn, sem matið sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/37/EB leiðir í ljós að búa við hættu gagnvart heilsu eða öryggi, eftir að þeir eru lausir við váhrifin, að ábendingu læknis eða yfirvalds sem ber ábyrgð á heilsufarseftirliti. Eftirlit af þessu tagi ætti að fara fram í samræmi við landslög eða venjur aðildarríkjanna. Því ætti að breyta 14. gr. tilskipunar 2004/37/EB til að tryggja slíkt heilsufarseftirlit fyrir alla hlutaðeigandi starfsmenn.
- 8) Viðeigandi og samræmd gagnaöflun aðildarríkjanna frá vinnuveitendum er nauðsynleg til að tryggja öryggi og hag starfsmanna. Aðildarríkin eiga að láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar vegna skýrslna hennar um framkvæmd tilskipunar 2004/37/EB. Framkvæmdastjórnin styður nú þegar bestu starfsvenjur að því er varðar gagnaöflun í aðildarríkjunum og ætti að bera fram tillögur, eins og við á, um frekari umbætur á gagnaöflun sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/37/EB.
- 9) Í tilskipun 2004/37/EB er þess krafist að vinnuveitendur noti tiltækar aðferðir sem við eiga til að mæla váhrifastig krabbameins- og stökkbreytivalda á vinnustað, í ljósi þess að vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla tiltekur í tilmælum sínum að framkvæmanlegt sé að vakta váhrif við sérhver ráðlögð viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og líffræðileg viðmiðunarmörk. Mikilvægt er að bæta jafngildi aðferða við mælingar á styrk krabbameins- og stökkbreytivalda í lofti með tilliti til viðmiðunarmarkna sem sett eru fram í tilskipun 2004/37/EB, til að styrkja þær skuldbindingar sem þar er kveðið á um og til að tryggja sambærilegar, strangar kröfur um heilsuvernd starfsmanna og stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum alls staðar í Sambandinu.
- 10) Breytingarnar á III. viðauka við tilskipun 2004/37/EB, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru fyrsta skrefið í lengra ferli við að uppfæra hana. Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram, sem næsta skref í ferlinu, tillögu um að ákvörðuð verði viðmiðunarmörk og tákun fyrir húð fyrir sjö krabbameinsvalda til viðbótar. Enn fremur lýsti framkvæmdastjórnin því yfir í orðsendingu sinni frá 10. janúar 2017 undir heitinu „Öruggari og heilsusamlegri vinna fyrir alla — nútímavæðing löggjafar og stefnu ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað“, að frekari breytinga á tilskipun 2004/37/EB væri að vænta. Framkvæmdastjórnin ætti stöðugt að halda áfram að vinna að uppfærslum á III. viðauka við tilskipun 2004/37/EB, í samræmi við 16. gr. hennar og viðteknar venjur. Niðurstaða þeirra vinnu ætti, eftir því sem við á, að skila tillögum um framtíðarendurskoðun á viðmiðunarmörkunum, sem sett eru fram í tilskipun 2004/37/EB og í þessari tilskipun, sem og tillögum um ný viðmiðunarmörk.

(1) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjútíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

- 11) Nauðsynlegt er að hafa í huga aðrar upptökuleiðir fyrir alla krabbameins- og stökkbreytivalda, þ.m.t. möguleikann á upptöku í gegnum húð, til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er.
- 12) Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla aðstoðar framkvæmdastjórnina einkum við að bera kennsl á, meta og greina í smáatriðum nýjustu vísindagögn, sem tiltæk eru, og við gerð tillagna um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna efna, sem ber að setja á vettvangi Sambandsins skv. tilskipun ráðsins 98/24/EB ⁽¹⁾ og tilskipun 2004/37/EB. Að því er varðar hvarfmiðlana o-tólúidín og 2-nítroprópan voru engin tilmæli frá vísindanefndinni um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla til staðar árið 2016 og því var tekið tillit til annarra nægilega traustra, vísindalegra upplýsinga í almenningseign.
- 13) Viðmiðunarmörkin fyrir vínýlklóríðeinliðu og harðviðarryk sem sett eru fram í III. viðauka við tilskipun 2004/37/EB ætti að endurskoða í ljósi nýrra vísinda- og tæknigagna. Meta ætti enn frekar þann greinarmun sem gerður er milli harðviðarryks og mjúkviðarryks að því er varðar viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í þeim viðauka, eins og mælt er til af vísindanefndinni um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni.
- 14) Mjög algengt er að fólk komist í snertingu við blöndu fleiri en einnar viðartegundar, sem flækir váhrifamatið á mismunandi viðartegundum. Algengt er að starfsmenn í Sambandinu komist í snertingu við ryk frá mjúkviði og harðviði sem getur valdið einkennum og sjúkdómum í öndunarferum, þar sem alvarlegustu áhrifin á heilbrigði eru hætta á krabbameini í nefi og afholum nefs. Því er rétt að fastsetja að ef harðviðarryk er blandað öðru viðarryki ættu viðmiðunarmörkin fyrir harðviðarryk, sem sett eru fram í viðaukanum, að gilda um allar tegundir viðarryks í viðkomandi blöndu.
- 15) Tiltekin sexgild krómsambönd (e. chromium (VI) compounds) uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1A eða 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽²⁾ og eru því krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir sexgild krómsambönd sem eru krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir þessi sexgildu krómsambönd.
- 16) Að því er varðar sexgilt króm kunna viðmiðunarmörk sem nema 0,005 mg/m³ að vera óviðeigandi og, í sumum geirum, erfitt að ná þeim fram á skömmum tíma. Því ætti að koma á umbreytingartímabili þar sem viðmiðunarmörk sem nema 0,010 mg/m³ ættu að gilda. Við þær sérstöku aðstæður þar sem starfsemi varðar vinnu sem felur í sér suðu eða rafgasskurð eða áþekk ferli sem mynda reyk, ættu viðmiðunarmörk að vera 0,025 mg/m³ á umbreytingartímabilinu, en eftir það ættu almenn gildandi viðmiðunarmörk að vera 0,005 mg/m³.
- 17) Tilteknar eldfastar keramiktfrefjar uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru því krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir eldfastar keramiktfrefjar sem eru krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir þessar eldföstu keramiktfrefjar.
- 18) Nægjanlegar vísbendingar liggja fyrir um krabbameinsvaldandi áhrif kristallaðs kísilryks sem hægt er að anda að sér. Setja ætti viðmiðunarmörk fyrir kristallað kísilryk sem hægt er að anda að sér á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna. Kristallað kísilryk sem hægt er að anda að sér og verður til við vinnsluferli fellur ekki undir flokkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Því er við hæfi að tiltaka störf þar sem menn verða fyrir váhrifum af kristölluðu kísilryki sem hægt er að anda að sér og verður til við vinnsluferli í I. viðauka við tilskipun 2004/37/EB og setja viðmiðunarmörk fyrir kristallað kísilryk sem hægt er að anda að sér („lungnablöðruhluti“), sem ættu að vera háð endurskoðun, einkum með tilliti til þess hve margir starfsmenn verða fyrir váhrifum.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtaða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

- 19) Leiðbeiningar og dæmi um góðar starfsvenjur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðildarríkin eða aðilar vinnumarkaðarins hafa tekið saman eða önnur framtakaverkefni, eins og t.d. samkomulag aðila vinnumarkaðarins um heilsuvernd starfsmanna með rétttri meðhöndlun og notkun á kristölluðum kísil og vörum sem innihalda hann (NEPSi) eru verðmæt og nauðsynleg tæki til fyllingar stjórnvaldsráðstöfunum, einkum til að styðja við skilvirka framkvæmd viðmiðunarmarka og ætti því að íhuga alvarlega. Í þeim felast aðgerðir til að koma í veg fyrir eða lágmarka váhrif, s.s. binda ryk með vatni til að koma í veg fyrir að það berist í lofti þegar um er að ræða kristallað kísilryk sem hægt er að anda að sér.
- 20) Etýlenoxíð uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla hefur greint möguleikann á umtalsverðri upptöku etýlenoxíðs í gegnum húð. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir etýlenoxíð og setja við þau tákun sem gefur til kynna möguleikann á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.
- 21) 1,2-epoxýprópan uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að tilgreina stig þar sem ekki er talið að snerting við þann krabbameinsvald undir þeim mörkum hafi í för með sér skaðleg áhrif. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir 1,2-epoxýprópan.
- 22) Akrylamíð uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla hefur greint möguleikann á umtalsverðri upptöku akrylamíðs í gegnum húð. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir akrylamíð og setja við þau tákun sem gefur til kynna möguleikann á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.
- 23) 2-nítróprópan uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir 2-nítróprópan.
- 24) o-tólúídín uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir o-tólúídín og setja við þau tákun sem gefur til kynna möguleikann á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.
- 25) 1,3-bútadíen uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir 1,3-bútadíen.
- 26) Hýdrasín uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla hefur greint möguleikann á umtalsverðri upptöku hýdrasíns í gegnum húð. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir hýdrasín og setja við þau tákun sem gefur til kynna möguleikann á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.
- 27) Brómetylen uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Mögulegt er, á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir þann krabbameinsvald. Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir brómetylen.

- 28) Þessi tilskipun eflir verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna á vinnustað. Aðildarríki ættu að taka þessa tilskipun upp í landslög sín. Þau ættu að tryggja að lögbær yfirvöld hafi nægjanlegan fjölda þjálfaðs starfsfólks og önnur tilföng sem nauðsynleg eru til að þau geti sinnt verkefnum sínum sem tengjast rétttri og skilvirkri framkvæmd þessarar tilskipunar í samræmi við landslög eða venjur. Það myndi auðvelda vinnuveitendum að beita þessari tilskipun ef þeir fengju leiðsögn, þar sem við á, við að koma auga á betri leiðir til að fara að ákvæðum hennar.
- 29) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum. Hún hefur einnig látið fara fram tveggja þrepa samráð milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins í samræmi við 154. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 30) Í álitum sínum hefur ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum vísað til endurskoðunartímabils fyrir bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif nokkurra efna í starfi, s.s. kristallaðs kísilryks sem hægt er að anda að sér, akrýlamíðs og 1,3-bútadíens. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara álita við forgangsröðun efna fyrir vísindalegt mat.
- 31) Í áliti sínu um eldfastar keramiktréffjar var ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum sammála því að bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi séu nauðsynleg en tókst ekki að ná fram sameiginlegri afstöðu um viðmiðunarmörkin. Framkvæmdastjórnin ætti því að hvetja ráðgjafarnefndina til að leggja fram uppfært álit um eldfastar keramiktréffjar í því skyni ná fram sameiginlegri afstöðu um viðmiðunarmörk fyrir það efni, án þess þó að hafa áhrif á starfsaðferðir hennar og sjálfræði aðila vinnumarkaðarins.
- 32) Á vinnustað komast karlar og konur oft í snertingu við blöndu hinna ýmsu efna sem getur aukið heilbrigðisáhættu og valdið skaðlegum áhrifum, m.a. á æxlunarfæri þeirra, þ.m.t. skertri frjósemi eða ófrjósemi, og haft neikvæð áhrif á fósturþroska og mjólkurmyndun. Efni sem hafa eiturrhrif á æxlun falla undir ráðstafanir Sambandsins sem kveða á um lágmarkskröfur um heilsuvernd og öryggi starfsmanna, einkum þær sem kveðið er á um í tilskipun 98/24/EB og tilskipun ráðsins 92/85/EBE⁽¹⁾. Efni sem hafa eiturrhrif á æxlun og sem einnig eru krabbameins- eða stökkbreytivaldar falla undir ákvæði tilskipunar 2004/37/EB. Framkvæmdastjórnin ætti að meta þörfina á að rýmka gildissvið ráðstafananna um verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna, sem kveðið er á um í tilskipun 2004/37/EB, svo þau taki til allra efna sem hafa eiturrhrif á æxlun.
- 33) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem felast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum rétturinn til lífs og rétturinn til sanngjarnra og réttláttra vinnuskilyrða sem kveðið er á um í 2. og 31. gr. hans, eftir því sem við á.
- 34) Þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessari tilskipun verða endurskoðuð reglulega í ljósi framkvæmdar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006⁽²⁾, einkum með hliðsjón af samspili milli viðmiðunarmarkna, sem sett eru fram samkvæmt tilskipun 2004/37/EB, og afleiddra áhrifaleysismarkna fyrir hættuleg íðefni samkvæmt þeirri reglugerð, með það að markmiði að vernda starfsmenn með skilvirkum hætti.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, sem er að bæta vinnuskilyrði og vernda heilsu starfsmanna fyrir sértækri áhættu sem stafar af váhrifum krabbameins- og stökkbreytivalda, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 36) Þar eð þessi tilskipun varðar verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna á vinnustað þeirra ætti að leiða hana í lög innan tveggja ára frá gildistökudegi hennar.
- 37) Því ætti að breyta tilskipun 2004/37/EB til samræmis við það.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (túnda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtið. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2004/37/EB er breytt sem hér segir:

1) Í 6. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Aðildarríkin skulu taka tillit til upplýsinganna í a- til g-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar í skýrslum sínum sem þau leggja fyrir framkvæmdastjórnina skv. 17. gr. a í tilskipun 89/391/EBE.“

2) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög eða venjur, skipuleggja framkvæmd viðeigandi heilsufarseftirlits fyrir þá starfsmenn sem matið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., leiðir í ljós að búa við hættu gagnvart heilsu eða öryggi. Læknir eða það yfirvald sem ber ábyrgð á heilsufarseftirliti með starfsmönnum getur lýst því yfir að starfsmenn skuli vera áfram undir eftirliti eftir að þeir eru lausir við váhrifin, eins lengi og nauðsynlegt er talið til að vernda heilsu viðkomandi starfsmanns.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Tilkynna ber lögbæru yfirvaldi um öll krabbameinstilvik sem eru, í samræmi við landslög eða venjur, álitin stafa af váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivaldi í starfi.“

Aðildarríkin skulu taka tillit til upplýsinganna samkvæmt þessari málsgrein í skýrslum sínum sem þau leggja fyrir framkvæmdastjórnina skv. 17. gr. a í tilskipun 89/391/EBE.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

Mat

Sem hluta af næsta mati á framkvæmd þessarar tilskipunar, innan ramma matsins sem um getur í 17. gr. a í tilskipun 89/391/EBE, skal framkvæmdastjórnin einnig meta þörfina á að breyta viðmiðunarmörkum fyrir kristallað kísilyrk sem hægt er að anda að sér. Framkvæmdastjórnin skal leggja til, eftir því sem við á, nauðsynlegar breytingar og lagfæringar sem tengjast því efni.

Eigi síðar en á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda, meta þann kost að breyta gildissviði þessarar tilskipunar svo hún nái einnig yfir efni sem hafa eituhrif á æxlun. Á þeim grundvelli skal framkvæmdastjórnin, ef við á, og að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf.“

4) Eftirfarandi liður bætist við I. viðauka:

„6. Störf þar sem menn verða fyrir váhrifum af kristölluðu kísilyrki sem hægt er að anda að sér og verður til við vinnsluferli“.

5) Í stað III. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. janúar 2020. Þau skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í tilskipun þessa eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 12. desember 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.

—

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint (16. gr.)

A. VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR VÁHRIF Í STARFI

Heiti hvarfmiðils	EB-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Viðmiðunarmörk (3)			Táknun	Umbreytingarráðstafanir
			mg/m ³ (4)	milljónarhlutar (5)	trefjar/ml (6)		
Harðviðarryk	—	—	2 (7)	—	—	—	Viðmiðunarmörk 3 mg/m ³ til 17. janúar 2023
Sexgild krómsambönd sem eru krabbameinsvaldar í skilningi i. liðar í a-lið 2. gr. (sem króm)	—	—	0,005	—	—	—	Viðmiðunarmörk 0,010 mg/m ³ til 17. janúar 2025 Viðmiðunarmörk: 0,025 mg/m ³ fyrir suðu eða rafgasskurð eða áþekk vinnsluferli sem mynda reyk til 17. janúar 2025
Eldfastar keramiktréfjar sem eru krabbameinsvaldar í skilningi i. liðar í a-lið 2. gr.	—	—	—	—	0,3	—	
Kristallað kísilryk sem hægt er að anda að sér	—	—	0,1 (8)	—	—	—	
Bensen	200-753-7	71-43-2	3,25	1	—	húð (9)	
Vínýlklóríðeinliða	200-831-0	75-01-4	2,6	1	—	—	
Etýlenoxíð	200-849-9	75-21-8	1,8	1	—	húð (9)	
1,2-epoxýprópan	200-879-2	75-56-9	2,4	1	—	—	
Akrýlamíð	201-173-7	79-06-1	0,1	—	—	húð (9)	
2-nítróprópan	201-209-1	79-46-9	18	5	—	—	
o-tólúídín	202-429-0	95-53-4	0,5	0,1	—	húð (9)	

Heiti hvarfmiðils	EB-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Viðmiðunarmörk (3)			Táknun	Umbreytingarráðstafanir
			mg/m ³ (4)	milljónarhlutar (5)	trefjar/ml (6)		
1,3-bútadíen	203-450-8	106-99-0	2,2	1	—	—	
Hýdrasín	206-114-9	302-01-2	0,013	0,01	—	húð (9)	
Brómetýlen	209-800-6	593-60-2	4,4	1	—	—	

(1) EB-númerið, þ.e. EINECS-, ELINCS- eða NLP-númerið, er opinbert númer efnisins innan Evrópusambandsins, sbr. skilgreiningu í lið 1.1.1.2 í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

(2) CAS-númer: Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um íðefni (Chemical Abstract Service Registry Number).

(3) Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda viðmiðunartíma.

(4) mg/m³ = milligrömm á rúmmetra lofts við 20 °C og 101,3 kPa (760 mm kvikasilfursþrýstingur).

(5) milljónarhlutar = hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).

(6) trefjar/ml = trefjar á millilítra.

(7) Innandanlegur hluti: ef harðviðarryk blandast saman við annað viðarryk gildir viðmiðunarmarkið fyrir allar tegundir viðarryks sem viðkomandi blanda felur í sér.

(8) Lungnablöðruhluti.

(9) Verulegur hluti af heildarálagi á líkamann getur stafað af váhrifum á húð.

B.ÖNNUR ÁKVÆÐI SEM TENGST BEINT

p.m.“
